



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## **Notkun NMT - 450 tíðnisviðsins á Íslandi**

**Samráð við hagsmunaaðila.**

**18. desember 2008**

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b><i>Inngangur</i></b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b><i>Ýmsar upplýsingar um NMT – 450 tíðnisviðið</i></b> .....	<b>4</b>
2.1	NMT – tíðnisviðið .....	4
2.2	Núverandi notkun á Íslandi .....	4
<b>3</b>	<b><i>Framtíðarskipan NMT – 450 tíðnisviðsins – markmið, tillögur og álitamál</i></b> .....	<b>4</b>
3.1	Helstu markmið PFS .....	4
3.2	Framlenging núverandi tíðniheimilda.....	4
3.3	Úthlutun tilraunaleyfa .....	4
<b>4</b>	<b><i>Ítarefni: Samráð vegna útboðs á NMT – 450 MHz</i></b> .....	<b>5</b>

# 1 Inngangur

Stefnt hefur verið að því að rekstri NMT farsímakerfisins verði hætt þann 1. janúar 2009.

Tíðnisviðinu hafði verið úthlutað til NMÍ til rekstrar langdrægs stafræns farsímakerfis en sú úthlutun hefur nýverið verið afturkölluð þar sem ekki var staðið við þau skilyrði sem þar voru sett varðandi útbyggingu kerfisins. Því kerfi var ætlað að koma í stað NMT farsímakerfisins. Það liggur því fyrir að tíðnisviðið er laust til notkunar að óbreyttu frá 1. janúar 2009.

Því hefur verið ákveðið að efna til samráðs við hagsmunaaðila varðandi hugsanlegan áhuga á framtíðarnýtingu tíðnisviðsins.

**Umsagnarfrestur er til kl 12:00 miðvikudaginn 31. desember 2008.**

Senda skal umsagnir í tölvupósti til [thorleifur@pfs.is](mailto:thorleifur@pfs.is).

**Óskað er eftir að vísað verði til númers þeirra neðangreindra liða sem umsagnir eiga við um.**

Stofnunin áskilur sér rétt til að birta efni innsendra umsagna, en mun ekki birta nöfn sendenda.

## **2 Ýmsar upplýsingar um NMT – 450 tíðnisviðið**

### **2.1 NMT – tíðnisviðið**

Með NMT – 450 tíðnisviði er átt við tíðnisviðið 453,000 – 457,475 / 463,000 – 467,475 MHz (2 x 4,5 MHz)

### **2.2 Núverandi notkun á Íslandi**

453,000 – 457,475 / 463,000 – 467,475 MHz (2 x 4,5 MHz), NMT farsímakerfið – Síminn.

## **3 Framtíðarskipan NMT – 450 tíðnisviðsins – markmið, tillögur og álitamál**

### **3.1 Helstu markmið PFS**

- i. Að kanna áhuga á uppsetningu og rekstri á langdrægri stafrænni farsímaþjónustu á þessu tíðnisviði
- ii. Gefa áhugasömum möguleika á að fá úthlutað tíðni á NMT – 450 MHz tíðnisviðinu til tímabundinna prófana árið 2009

### **3.2 Framlenging núverandi tíðniheimilda**

Tíðniheimild Símans fyrir rekstur á NMT – 450 farsímakerfinu rennur út um áramót 2008/2009.

PFS hefur áform um að framlengja heimild Símans til 1. september 2009. Vísað er til almannahagsmuna og öryggissjónarmiða í þessu sambandi en ekki hafa fengist óyggjandi staðfestingar frá rekstraraðilum annarra farsímakerfa um að tryggð sé fullkomin dekkun á þjónustuvæðum þeim sem NMT farsímakerfið hefur þjónað hingað til.

### **3.3 Úthlutun tilraunaleyfa**

Mikil þróun hefur orðið í uppbyggingu GSM netanna og yfirlýst stefna fjarskiptafélaganna er að byggja GSM og 3ju kynslóðarkerfi sín út þannig að þau muni þekja landið og miðin.

Þrátt fyrir þetta er alls ekki loku fyrir það skotið að byggja megi upp háhraða stafrænt farsímakerfi á NMT – 450 MHz tíðnisviðinu í samkeppni við GSM og 3ju kynslóðar net, ADSL eða ljósleiðaranet.

PFS mun að uppfylltum tilteknum skilyrðum úthluta tilraunaleyfum á NMT – 450 tíðnisviðinu á allt að 1/3 hluta tíðnisviðsins. Slíkt er þó háð því að umsókn komi fram um framtíðarnýtingu á tíðnisviðinu.

## 4 Ítarefni: Samráð vegna útboðs á NMT – 450 MHz

Í lok árs 2005 og byrjun árs 2006 fór fram samráð á vegum PFS vegna væntanlegs útboðs útboðs á NMT – 450 tíðnisviðinu. Þar sem leyfi NMÍ til uppbyggingar og reksturs langdrægs stafræns farsímakerfis hefur verið afturkölluð má segja að PFS sé að mörgu leyti komið aftur á sama reit og þegar þessu samráði lauk í byrjun árs 2006. Er hagsmunaaðilum frjálst að gera athugasemdir við sjónarmið sem þar komu fram.

- a) **Umræðuskjal um framtíðarnotkun NMT – 450 tíðnisviðsins á Íslandi**  
Umræðuskjal sem var birt á vef PFS 25. október 2005
- b) **Samantekt umsagna um framtíðarnotkun NMT-450 tíðnisviðsins**  
Samantekt umsagna sem birt var á vef PFS 2. janúar 2006